

*Gleðilega hátíð*

## Ástin er umhyggja

Hjónin Hlökkver Jóhannsson og Ólöf Sigríður Björnsdóttir fagna 70 ára brúðkaupsafmæli á annan í jólum. Slík tímamót teljast til tíðinda í okkar hverfula heimi og eru falleg skilaboð til ungra elskenda um að ástin geti varað. → 20

Kertasnikir kom til byggða



### Gunnar gerir upp árið 2018

Nokkrar af albestu myndum Gunnars Karlssonar skopmyndateiknara á árinu. → 12 og 14



**Við getum aðstoðað yfir jólin**

**Aðfangadagur**

Opið 8-18 í Lágmúla og á Smáratorgi

**Jóladagur**

Opið 10-24 í Lágmúla og á Smáratorgi

**LYFJA**  
- Lífið heil

Kringlan

**GLEÐILEG JÓL**

OPIÐ FRÁ  
10-13 Í DAG

## Veður



Suðvestan 13-23 m/s, hvasast N-til og suðaustan Vatnajökuls, en talsvert hægari á S- og SV-landi. Skýjað á landinu og úrkumulítið. Hiti 3 til 10 stig, hlýjast á Austfjörðum. **SJÁ SIÐU 28**



Hangikjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hangikjöt hjá flestum á jóladag

**SAMFÉLAG** Alls hyggjast 68,6 prósent Íslendinga borða hangikjöt á morgun, jóladag, samkvæmt könnun MMR. Enginn annar matur kemst nálægt þessu hlutfalli en vinsældir hangikjöts fara þó þverrandi milli ára. Í fyrra sögðust 72 prósent ætla að borða hangikjöt.

Næstvinsælasti valkosturinn er annað, eða 10 prósent, og svo fylgir hamborgarhyggjurinn með 8,8 prósent. Grænmetisfæði er í mikilli sókn og ætla 3 prósent landsmanna að borða eitthvað þannig í ár. Var ekki nema 0,7 prósent fyrir sex árum en þó reyndar 3,2 prósent í fyrra. Kalkúnn og lambakjöt eru svo með tæp fjögur prósent.

Utan höfuðborgarsvæðisins segjast 74 prósent ætla að borða hangikjöt en 66 prósent innan þess. Grænmetisfæði er aftur á móti öllu algengara á höfuðborgarsvæðinu, fimm prósent samanborið við næri ekkert.

Sé horft til stuðnings við flokka eru stuðningsmenn Flokks fólksins greinilega sölnir í hangikjöt en 80 prósent væntanlegra kjösenda flokksins ætla að hafa það á jóladagsborðinu. Hins vegar munu ekki nema 64 prósent kjösenda Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar borða hangikjöt. Næstvinsælast á þeim bæjunum eru hamborgarhyggjur með 13 prósent hjá Sjálfstæðismönnum, grænmetisfæði og sjávarfang með 7 prósent hvort um sig hjá Viðreisnarfólki. — þea

## Eftirvæntingin leynir sér ekki



Eftirvæntingin skein úr augum þessa jólabarns þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði í gær. Landsmenn voru margir hverjir að leggja lokahönd á jólagjafainnkaupin og almannan undirbúning jóla í gær. Aðrir fengu sér skötu og snaps og skemmtu sér fram eftir kvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Gæti lengst í lokun stjórnar

**BANDARÍKIN** Hin svokallaða lokun bandarísku alríkisstjórnarinnar gæti varað fram yfir áramót eða allt þar til nýtt þing tekur við þann 3. janúar. Þetta sagði Mick Mulvaney, starfsmanna- og fjármálastjóri Hvíta hússins, í gær. Þá verða Demókratar í meirihluta í fulltrúadeildinni en þeir unnu kosningasigur í nóvember síðastliðnum.

„Ég held að málið verði ekki á fullu skriði á næstu dögum vegna hátiðanna“, sagði Mulvaney aukin-heldur.

Lokunin er tilkomin þar sem ekki næst samkomulag um fjárlög. Donald Trump forseti fer fram á fimm milljarða dala fyrir byggingu veggjar á landamærunum við Mexíkó. Þótt Repúblikanar séu í meirihluta í báðum deildum þarf 60 þingmenn af 100 í öldungadeildinni til þess að ná málinu í gegn og það hefur ekki tekist. — þea

# Komast ekki í jólamat því strætó gengur ekki

Jaðarsett fólk sem býr utan miðbæjarins hefur lent í vandræðum með að komast í jólamat Hjálpræðishersins á aðfangadagskvöld vegna skertra almennings-samgangna. 250 manns eru skráðir í mat þessi jól. Veislan fer fram í Ráðhúsinu.

**SAMFÉLAG** Dæmi eru um að fólk sem annars hefði tekið þátt í jólafagnaði Hjálpræðishersins á aðfangadagskvöld verji jólonum einsamalt af því að það hefur enga leið til að komast niður í Ráðhús þar sem jólagleðin fer fram.

„Jú, þetta er eitt af því sem hamlar því að fólk geti skráð sig í jólamatin, það hefur ekki bíl og strætó gengur ekki á þessum tíma“, segir Hjördis Kristinsdóttir, ritari hjá Hjálpræðishernum, um þá jaðarsettu einstaklinga sem búa í úthverfum og nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar.

Strætó gengur til klukkan 15 á aðfangadag og akstursþjónusta fyrir aldraða og fatlaða er opin til 17. „Eftir það geta notendur nýtt sér leigubíla eða samið beint við verkataka akstursþjónustunnar, en þá eru fargjöld ekki niðurgreidd“, segir í svari Strætó við fyrispurn Fréttablaðsins.

Einnig kemur fram í svarinu að engin ferð hafi verið farin til Hjálpræðishersins í fyrra og engar pantanir gerðar vegna aðfangadags þetta árið. Það þarf þó ekki að þýða að eftirspurnin sé lítil enda þjónustan aðeins opin til 17 eins og fyrir segir.

„Við reyndum eitt árið að fá sjálfbodaliða til að skutla og sækja en það tók of langan tíma þannig að við höfum í rauninni ekki getað spáð í það. Fólk verður því annaðhvort að reyna að redda sér einhvern veginn eða þá bara ekki koma. Það er bara þannig“, segir Hjördis.

Um 250 manns hafa skráð sig í jólamat Hjálpræðishersins. Skráning hefur verið í gangi allan desem-



Hjördis (t.v.) þakkar jólagjöfum með sjálfbodaliðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Þetta er jaðarsett fólk sem kemur til okkar. Fólk sem býr við fátækt og félagslega einangrun.**

Hjördis Kristinsdóttir, ritari hjá Hjálpræðishernum

ber og var henni lokað á þriðjudag. Hjördis segir fjöldann svipaðan og undanfarin ár. „Þetta er jaðarsett fólk sem kemur til okkar. Fólk sem býr við fátækt og félagslega einangrun“, segir Hjördis. Hælisleitendur og flóttafólk er stækkandi hópur sem fagnar jólum með hernum en samkvæmt tölum frá Útlendingastofnun eru yfir 600 hælisleitendur í þjónustu hjá stofnuninni og sveitar-

félögum í Reykjavík, Hafnarfirði og Reykjanesbæ í dag. Þar af eru um 140 börn.

Jólaveislan fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur eins og undanfarin tvö ár. „Þetta er eini styrkur borgarinnar til hersins, að leyfa okkur að vera í salnum á jölum“, segir Hjördis. A undan jólamatnum stendur herinn fyrir jólaballi í salnum og hefst það klukkan fjögur. Borðhaldið hefst svo þegar jólin ganga í garð, klukkan 18.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Hjördisi var verið að sækja síðustu aðföng til veisluunnar og undirbúningur hennar langt kominn, búið að pakka inn gjöfum sem verða gefnar í jólagleðinni í Ráðhúsinu en einnig fer herinn með gjafir í fangelsin, upp í Víðines og í fleiri búsetukjarna og gistiskýli.

adalheidur@frettabladid.is


GLEÐILEGA  
HÁTÍÐ



ICELANDAIR

# Gleðilega hátíð

JÓHANNA S. LEIACCS - JÚL - 2014



## Þeim fjölga ár frá ári sem kjósa að gefa Sannar gjafir

**SAMFÉLAG** Sífellt fjölga þeim sem nýta sér þann kost að gefa Sannar gjafir um jólin. Dæmi eru um að heilu fjölskyldurnar hafi ákveðið að gefa slíkar jólagjafir.

UNICEF á Íslandi hefur undanfarin ár haft til sölu gjafir sem koma fölkli á erlendri grundu sem býr við erfiðar aðstæður til góða. Sem dæmi um slíkar gjafir má nefna vatnshreinsistöflur, hlý teppi og vetrarfát að fyrir börn og orkuríkt hnetumauk.

„Við sjáum aukningu frá því í fyrra

þó endanlegar tölur liggi ekki fyrir. Margir gefa þeim sem allt eiga slíka gjöf og enn aðrir lauma þessu með sem merkimiða.“ segir Anna Margrét Hrólfsdóttir, fjárfundunarstjóri UNICEF á Íslandi. Hún segir að þetta árið hafi mest selst af hlýjum vetrarfátum og teppum enda tengi Íslendingar vel við þá tilfinningu að vera kalt.

Gjafirnar eru einnig hentugar fyrir þá sem mögulega gleyma að kaupa gjöf handa einhverjum enda hægðarleikur að kaupa þær af

heimasiðu samtakanna hvenær sem er sólarhrings.

„Ég veit til að mynda um konu sem fékk óvænta heimsókn skómmu fyrir jól. Fyrir utan stóð fjölskylda með konfektakassa. Hún sagði að sjálfsgöðu að hún hefði „akkúrat verið að kaupa gjöfina þeirra“. Síðan prentaði hún út gjafabréf fyrir hlýjum fötum handa börnum í neyð og afhenti þeim.“ segir Anna Margrét og hlær. „Ef einhver vaknar upp við vandan draum í dag þá er alltaf hægt að leita til okkar.“ –joe



Sannar gjafir koma fölkli sem býr við erfiðar aðstæður vel. MYND/UNICEF

## Vita um hættuna en taka samt sénsinn

Fulltrúi Bæjarlistans í Hafnarfirði segir óboðlegt að ekkert sé aðhafst vegna búsetu í ölöglegu og hættulegu húsnæði. Bæjarstjórnin segir að búsetumálið hafi verið til skoðunar undanfarin vikur hjá bænum og slökkviliðinu. Allir í bæjarráðinu séu meðvitaðir um stöðuna.

**HAFNARFJÖRÐUR** „Vitað er um barnafjölskyldur sem búa í iðnaðarhverfum. Það er ekki boðlegt.“ segir Sigurður P. Sigmundsson, fulltrúi Bæjarlistans í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar, sem gagnrýnir bæjaryfirvöld vegna mikils fjölda sem býr í atvinnuhúsnæði í bænum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudag telur slökkviliðið að um 1.100 manns geti búið ölöglega í atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði. Frá því 2008 hafi fjöldi slíkra dvalarstaða nærri þrefaldast í bænum. Það er mesta aukningin á höfuðborgarsvæðinu.

Sigurður kveðst hafa tekið málið upp fyrir rúmu ári er hann var áheyrnarfulltrúi í skipulags- og byggingarráði. „Undirtektir voru daufar.“ segir Sigurður sem nú á fast sæti í ráðinu. „Ég ræddi þetta í sumar og þá hafði meirihlutinn lítinn áhuga. Formaður ráðsins spurði af vandlættingu: Hvað ætlar þú að gera við fólk, henda því út á götu eða hvað?“

Sigurður segir að á fund skipulagsráðs hafi borist bréf frá heilbrigðiseftirlitinu 5. október þar sem vakinn var athygli á stöðunni. „Á þeim fundi kom glögglega í ljós að hvaða aðilar sem eiga hlut að máli varðandi eftirlit með ölöglegru búsetu virðast vísa hver á annan og telja sig ekki hafa nægileg úrræði eða lagalegar heimildir til að taka á málinu.“ segir hann. Þar vísir hann í bæjaryfirvöld, heilbrigðiseftirlitið, slökkviliðið og lögregluna.

„Hvað Hafnarfjarðarbæ varðar þá liggur skýrt fyrir að óheimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi nema fyrir liggi staðfesting leyfisveitenda á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun.“ segir Sigurður. Bærinn hafi nægar



Sigurður P. Sigmundsson, fulltrúi Bæjarlistans í Hafnarfirði, á Hvaleyrarbraut þar sem stórbrúni varð í nóvember. Viðá er búið í atvinnuhúsnæði þar. Talið er að 1.100 manns búi ölöglega í atvinnuhúsnæði í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

heimildir til að framfylgja eftirliti. „Því er hins vegar borið við að bærin hafi ekki mannskap til að sinna þessu hlutverki – sem er alveg fráleitt. Því hefur nánast ekkert verið aðhafst í þessu máli undanfarin ár.“

Á fundi bæjarráðs 4. desember var samþykkt að óska eftir upplýsingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um fjölda fólks sem býr í ölöglegu húsnæði. Þann 11. desember segir Sigurður að hafi verið lagðar fram tæplega tveggja ára gamlar upplýsingar frá slökkviliðinu.

„Í mínum huga og minnihlutans í skipulags- og byggingarráði er hér

um grafalvarlegt mál að ræða. Því er mikilvægt að fá nýjustu upplýsingar um fjölda þeirra sem búa í ölöglegu húsnæði og að taka út þá aðstöðu sem fólk býr við.“ segir hann.

Þá segir Sigurður minnihlutinn leggja áherslu á að kortleggja vandann. Í framhaldinu þurfi að skoða hvaða leiðir eru færar til úrbóta. „Að okkar mati er hér ekki um pólitískt mál að ræða og því furðum við okkur á því hversu tregur meirihluti Sjálfstæðisanna og Framsóknar hefur verið til að taka þetta mál til umræðu.“ segir hann.

„Málið hefur verið til skoðunar

og úrvinnslu hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar-bæjar undanfarin vikur en til að leggja áherslu á mikilvægi þess var ákveðið að fá slökkviliðsstjóra á fund bæjarráðs til að fara yfir stöðuna.“ segir Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri. Mikilvægt hafi þótt að bæjarráðsfulltrúar gerðu sér grein fyrir þeim úrræðum sem slökkviliðið og byggingarfulltrúi hafa til að bregðast við og hvernig tekið sé á þessum málum á höfuðborgarsvæðinu almennt.

„Sameiginleg bókun bæjarráðsfulltrúa á fundinum sýnir að allir

Það vita allir að þetta gengur ekki en menn eru að taka sénsinn.

Sigurður P. Sigmundsson, fulltrúi Bæjarlistans í Hafnarfirði

eru meðvitaðir um þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir.“ segir Rósa. Þetta sé mikilvægt og þess vegna hafi henni sem bæjarstjóra verið falið að taka málið upp innan Slökkviliðisins á höfuðborgarsvæðinu. „Þetta er sameiginlegt viðfangsefni sveitarfélaganna og slökkviliðisins á höfuðborgarsvæðinu.“

Eins og fyrr er getið kveður Sigurður dæmi um búsetu barnafjölskyldna í iðnaðarhverfum. „Þá er vitað um að fjöldi erlendra starfsmanna býr saman í fleti á milli loftum í atvinnuhúsnæði. Það er fráleitt staða á 21. öld.“ segir hann. Atvinnurekendur sem fá fólk að utan beryrgj gagnvart fólkinu fyrir sitt leyti. „En svo eru það náttúrulega sveitarfélögin sem leyfa þessu að gerast. Þetta er ölölegt en samt komast menn upp með þetta.“

Tveir eldsvodár í atvinnuhúsnæði í nóvember virðast að sögn Sigurðar hafa orðið til þess að menn hafi hrokkið við. Þar hafi enginn búið en svo hefði vel getað hafa verið. „Það vita allir að þetta gengur ekki en menn eru að taka sénsinn. Stóra vandamálið er að við höfum ekki verið að byggja nóg af ódýrum, litlum íbúðum undanfarin ár. Eg bara sem íbúi Hafnarfjarðar vil ekki standa svona að málum.“

gar@frettabladid.is

OPHEL ATVINNUBÍLAR

# ÁRAMÓTASPRENGJA!

Nýttu þér skattalegt hagráði ársins sem er að líða

Nokkrir sendi- og hópferðabílar á dýndur afslætti



Afsláttur  
**631.000 kr.**

Vivaro - sendibíll (L2H1)

Sætisfjöldi: 3 manna  
Verð: 4.090.000 kr.  
Tilboðsverð: 3.459.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:  
**2.780.000 kr.**



Afsláttur  
**1.000.000 kr.**

Movano (L1H1)

9 manna  
6.390.000 kr.  
5.390.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:  
**4.347.000 kr.**



Afsláttur  
**1.200.000 kr.**

Movano hópferðabíll (L3H2)

17 manna  
7.790.000 kr.  
6.590.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:  
**5.314.000 kr.**




THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar

Sýningarsalir:  
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Bíllitá  
**Benna**



## Í góðu sambandi á hátíðarstundunum

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [veitur.is](http://veitur.is)





Í Herra-fataverzlun Kormáks og Skjaldar í Kjörgerði var margt um manninn. Margrét Erla Maack og Ragnheiður Maisól Sturludóttir sáu um að pakka gjöfum inn og Albert Eiríksson matgæðingur hélt uppi jóla-stemmingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

## Jólaandi sveif yfir vötnum

Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana og fylgdist með fólki leggja lokahönd á jólagjafainnkaup, spila á tónleikum og setjast niður til að eiga notalega stund á kaffihúsi í gær. Hann rakst líka á jólasveina.



Þessir jólasveinar buðu gangandi vegfarendum á Laugavegi gleðileg jól.



Á skemmtistaðnum Húrra var verið að undirbúa Þorláksmessutónleika.



Agætis veður var í miðborginni í gær, þar sem þessi settust niður með kakó og kaffi, á milli verslunarferða.



Möndluristararnir í Bankasträtinu voru í jólaþkapi og sáu til þess að enginn þurfti að klára jólagjafainnkaupin á tóman maga.

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ



## Búum til nýjar minningar

Icelandair óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og þakkar fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða. Megi nýja árið færa gæfu, gleði og dýrmætar nýjar minningar – en við vitum að ávisun á ferðalag er gjöf sem aldrei gleymist.

**ICELANDAIR** 

## Akihito Japanskeisari hélt síðustu afmælisræðu sína

**JAPAN** Akihito Japanskeisari er þakklátur fyrir að ríkið hafi ekki dregist inn í neina styrjöld á þrjátíu ára valdatíð sinni. Keisarinn, sem fagnaði 85 ára afmæli í gær, lét þessi ummæli falla í síðustu afmælisræðu sinni en Naruhito krónprins tekur við veldinu í apríl.

Keisarinn vottaði þeim fjölmörgu Japönum sem hafa slasast eða misst ástvinu í náttúruhamförum sem ríðið hafa yfir á árinu sömu-leiðis samúð og þakkaði öllum fyrir stuðninginn í gegnum tíðina.

Nærri hundrað þúsund vottuðu Japanskeisara virðingu sína í gær er hann flutti afmælisræðuna.

Akihito hefur, að því er kom fram í umfjöllun BBC, varið tíma sínum í embætti að miklu leyti í að bjóðast afsökunar á gjörðum Japana undir



Michiko keisaraynja og Akihito keisari í afmælisveislunni. NORDICPHOTOS/AFP

stjórn Hirohito föður hans í seinni heimsstyrjöldinni. Japanski herinn fór fram af mikilli hörku, einkum í Kína og á Kóreuskaga. Keisarinn sem slikur hefur þó engin pólitísk völd og er staðan einungis táknræn.

Þegar Akihito lætur af störfum í apríl verður hann fyrsti japanski keisarinn til þess að stiga til hlíðar sjálfviljugur í nærri tveir heilar aldir. Keisarinn hefur þurft að gangast undir hjartaskurðaðgerð og meðferð vegna ristilkrabbameins.

Valdatíð Akihito er kölluð Heseitímabilið í Japan. Segja má, þótt það sé nokkur einföldun, að Hesei þýði einfaldlega fríður. Merkingin á bakvið heitið er sú að Akihito tók við að seinni heimsstyrjöld lokinni og hefur settið á keisarastólnum á fríðartímum. – þea

SKAGEN  
OFMÆÐA

MICHENSEN  
URSMÍÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - michelsen.is

### Dansk julegudstjeneste

holdes í domkirken mandag den 24. december kl. 15.00 ved pastor Ragnheiður Jónsdóttir.

Alle velkomne.

Danmarks Ambassade

GLEÐILEG JÓL

TIL HAMINGJU!

UPPHIÐ Á KORTI:

GJAFAKORT

GJAFABRÉFIN OKKAR HITTA ALLTAF Í MARK OG RENNA ALDREI ÚT

ELKO GJAFAKORT • Þú velur upphæðina VEIÐPAKKI10-14

## 30 DAGA SKILARÉTTUR

Við bjóðum skilarétt á öllum gjöfum til 24. janúar. Nánar á elko.is.

ELKO



Eyðileggingin í Indónesíu er gríðarleg og hundruð liggja í valnum. Tala látinna mun líklega hækka. NORDICPHOTOS/AFP

## Hundruð fórust í harmleik í Indónesíu

Á þriðja hundrað eru látin eftir að flóðbylgja skall á strandbæjum á Jövu og Súmöturu. Tala látinna talin líkleg til að hækka. Aurskriða neðansjávar vegna goss í Barni Krakatá talin hafa orsakað flóðbylgjuna. Hamfarir eru tíðar á svæðinu.

### INDÓNESÍA

Á þriðja hundrað fórust og nærri 900 slösuðust, hið minnsta, þegar flóðbylgja skall á strandbæjum á Jövu og Súmöturu, sitt hvorum megin við Sundasund, seint á laugardag. Samkvæmt því sem Reuters hafði eftir Sutopo Purwo Nugruho, upplýsingafultrúa almannavarna, eru hundruð heimila og annarra bygginga sömu-leiðis í rúst.

Talið er að aurskriða hafi fallið neðansjávar vegna goss í eldfjallinu Barn Krakatá og að það hafi orsakað flóðbylgjuna. Krakatá er eldfjallaeyja á milli Jövu og Súmöturu sem gaus einu stærsta gosi skráðar sögu árið 1883. Þá fórust að minnsta kosti 30.000 vegna flóðbylgja og þúsundir til viðbótar vegna gjöskulfloða. Árið 1927 reis svo Anak Krakatoa, eða Barn Krakatá, úr gignum sem myndast 1883.

Eldvirkni í Barni Krakatá hefur aukist að undanförnu. Indónesískir jarðfræðingar segja að eldfjallið hafi gosið í rúmar tveir mínútur á föstudag og óskusky hafi stigið upp úr fjallinu. Ekki er mælt til þess að neinn komi nálægt fjallinu.

Íbúar við strandlengjur Jövu og Súmöturu hafa verið varaðir við því

### Mikið hamfarasvæði

Mannskæðar náttúruhamfarir eru tíðar í Indónesíu. Samkvæmt BBC er það vegna þess að ríkið er staðsett á Kyrrahafselðhringnum svokallaða. Eldvirkni og jarðskjálftar, og þar með flóðbylgjur, eru einkar tíðar á þessum eldhring.

Nýlegt dæmið um slíkar hamfarir er flóðbylgjan sem skall á evjuni Sulawesi nú í september. Jarðskjálfti varð skammt frá eyinni sem orsakaði flóðbylgju. Borgin Palu varð illa úti í hamförum og á þriðja þúsund fórust.

Þá er einnig vert að minnst þess þegar gríðarlegar flóðbylgjur skulu á þrettán ríkjum á annan í júlum árið 2004. Indónesía varð verst úti í hamförum en flóðbylgjur skulu einnig á til að mynda Sri Lanka, Indlandi, Tailandi, Banglaðess, Maldiveyjum, Malasíu og Mjanmar.

Alls fórust nærri 230.000 í hamförum á annan í júlum. Flóðbylgjurnar náðu allt að þrjátíu metra hæð og tjónið er metið á um þrjá milljarða Bandaríkjadala.

að fara nærri sjó vegna hættu á annarri flóðbylgju.

Kathy Mueller, starfsmaður Rauða krossins á svæðinu, sagði við BBC að sjá mætti brak og rusl alls staðar. Bilar hefðu kramist og byggingar hreinlega hrundi. Þá rofnaði vegurinn inn í bæinn Pandeglang en það torveldar björgunarstarf. Bærinn er vinsæll ferðamanna- staður og af þessum rúmlega 220 sem hófu látið í gær voru rúmlega 160 í Pandeglang.

Myndband gekk á samfélagsmiðlum í gær þar sem sjá mátti flóðbylgjuna skella á tónleikastað þar sem hin vinsæla indónesíska hljómveit Seventeen var að leika.

Riefian Fajarsyah, söngvari Seventeen, greindi svo tærvort frá því í myndbandi á Instagram að bassaleikari og einn umboðsmanna sveitarinnar hefðu látið. Þá væri eiginkonu hans og þriggja hljómveitarmeðlima enn saknað. thorgnyr@rettabladid.is

Vissir þú að...  
börn eiga rétt á  
vernd og umönnun

Barnaheill  
Save the Children & Iceland





# Meira ferskt

## Afgreiðslutími yfir hátíðarnar

	Skeifan Garðabær	Smáralind Kringlan	Akureyri Spöng Eiðistorg	Njarðvík Borgarnes Selfoss
24. des	opið til 16	10-14	8-16	10-14
25. des	lokað	lokað	lokað	lokað
26. des	opnar 10	lokað	10-24	lokað
31. des	opið til 18	10-14	8-18	10-14
1. jan	opnar 12	lokað	12-24	lokað

**HAGKAUP**

Meira  
svona  
alla daga

# SKOÐUN

## Jólagleðin



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Ef ég fengi nokkru ráðið skyldi hvert það fífl sem gengur um með gleðileg jól á vörunum verða soðið í sínum eigin jólabúðingi og jarðað með jólavíðarstöngul gegnum hjartað,“ segir nirfillinn Scrooge í hinni ódauðlegu Jólásögu Charles Dickens. Scrooge var þar holdgervingur allra þeirra neikvæðu viðhorfa sem hægt er að hafa til jólanna. Á öðrum stað talar hann sérlega ónuglega um að jölunum fylgi ekkert nema kostnaður – og Scrooge borgaði aldrei neitt með glöðu gleði, jafnvel þótt hann væri sterkfnaður. Eins og allir eiga að vita endar þessi stutta en meistaralega saga vel því Scrooge fann að lokum jólagleðina og eftir sinnaskiptin kunni enginn betur en hann að halda upp á jólin.

Jólin eru tími fagnaðar, gleði og órlætis. Þeim allra trúðustu og kirkjuráknustu kann að finnst að landsmenn mættu hafa hugann meir við tilefnið en tilstandið. Það er samt ekki svo að jólaboðskapurinn komist ekki til skila. Á þessum tíma er hann predikadur hvað eftir annað í kirkjum landsins og ratar til þeirra sem þangað mæta og sómuleiðis til hinna sem hlusta á útvarpsmessur. Þeir sem hrifast ekki af kirkjuhaldi vita einnig mæta vel af jólaboðskapnum því hann er allt um kring. Ekki síst er hann áberandi í tónlistinni því jólatónlist ómar á þessum tíma og ekki fjalla öll lög in jólasveina, snjókarla og gjafir, þar eru líka englar, Guð og barn í jötu. Betta eru lög sem hafa verið leikin og sungin í áratugi, sum reyndar um aldri, og eru lifseigari en predikanir prestanna sem gleymast fljótlega eftir að þær hafa verið fluttar.

Jólin eru tími þar sem fólk reynir yfirleitt að vera aðeins betra en það er venjulega. Náungakærleikur er við völd. Betta sést í stóru sem smáu. Fjölmargir hafa fyrir síð að styrkja ýmis gögðerðarsamtök sem leggja sitt af mörkum til að gera jólin gleðileg fyrir þá sem búa við skort. Fólk er líka innilegra í samskiptum og kveður aðra, þar á meðal okkunnuga, á fallegan hátt með orðunum: „Gleðileg jól!“

Það er einmitt þessi hlýja í garð okkunnuga sem einkennir jólin í svo ríku mæli. Allt í kringum okkur eru ótal dæmi um slíkt. Í skammdeginu mátti til dæmis á dögnum sjá innflytjendur, karlmann frá Pakistan og konu frá Filippseyjum, bjóða upp á ókeypis heitt súkkulaði í Laugaveginum. Þegar þau voru spurð af hverju þau væru að hafa fyrir þessu svaraði konan að þau vildu minna á kærleikann.

Eins og alls kyns rannsóknir sýna þá er nútíma-maðurinn ekki með öllu sæll í heimi tækniundra. Á þessum árstíma ætti hann að einbeita sér að því að leita jólagleðinnar og er ekki svo erfitt að finna hana. Hluti af henni er að hafa í huga að það er heilmikið til í því að sælla sé að gefa en þiggja. Það er ekki uppskrift að hamingju að gera sjálfan sig að miðdepli og krefjast stöðugar athygli. Slíkt framkallar ekki sálarfríð. Maðurinn verður ekki verulega sáll nema hann rækti samskipti við aðra og láti sig velferð þeirra skipta sig máli.

Gleðileg jól, kærur landsmenn!

### Haldór



### Frá degi til dags

**Ósýnilegi sigurvegarinn**  
Þótt frumvarp stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá hafi lengi engst í pólitísku limbóí fyrirfinnst enn fólk sem lifir í voninni um að það leysi að lokum gömlu stjórnarskrána af. Stjórnarskrárfélagið gaf nýleg út bókina Nýja íslenska stjórnarskráin og þótt kverði hafi ekki náð að ógna krimmahöfundum á toppi metsölulistanna fagnaði félagið því rétt fyrir jól að 2. prentun væri uppseld. Stjórnarskrárfélagið dregur þá ályktun af þessu að Nýja stjórnarskráin sé greinilega vinsæl jólagjöf. Þótt upplagstölur fylgi ekki sögunni má ætla að margir megi eiga von á því að finna þennan grjótharða pólitíska pakka undir jólatrénu.

**Með þorp að baki sér**  
Vigdís Finnbogadóttir ritar formála bókarrinnar og Þorvaldur Gylfason skrifar innangang. Þorvaldur er einn þeirra sem áttu sæti í stjórnlagaráðinu sem hefur talað hæst og barist harðast fyrir því að nýja skráin verði tekin í notkun. Hann stendur vitaskuld ekki einn í baráttunni og í ljósi þess að bókinn er uppseld á Kópaskeri er hann jafnvel með heilt þorp að baki sér, eða svo gott sem. Nokkur eftirspurn er enn eftir Nýju stjórnarskránni á Kópaskeri en góðu heilli er 3. prentun á leiðinni.  
thorarin@frettabladid.is

### Það sem skiptir máli



Katrín Jakobsdóttir  
forsætisráðherra

Minnisstað er sagan af Jóni Oddi og Jóni Bjarna þegar þeir kynntust dauðanum í fyrsta sinn rétt fyrir jól en þá dó Selma, litla systir Lárusar vinar þeirra. Þá skildu þeir bræður að gleðin verður ekki keypt. Lífið er hverfult og getur horfið okkur í einu vefangi. Og þó að heimur okkar hrynj virðist allt halda afram eins og ekkert hafi í skorist. Á jölunum, þegar á okkur dýnja skilaboð um hvað þurfi nauðsynlega til að halda gleðileg jól, verða þessar andstaður enn skýrari og minna okkur á hvað skiptir máli í raun.

Í dag þegar við fögnum jólum gefst okkur tækifæri til að igruna inntak tilverunnar, bæði fyrir okkur sem saman byggjum íslenskt samfélag og okkur sem manneskjur. Jölin geta verið erfið, ekki síst þeim sem eiga um sárt að binda eða eiga erfið með að ná endum saman. Þá skiptir máli að við stöyðum hvert við annað, hjálpum hvert öðru og munum eftir hinu góða í tilverunni; jafnrétti kynjanna er meira hér en viðast hvar, lýðræðisleg þátttaka er mikil, aðgengi að heilbrigðiskerfi og menntun er gott og við njótum þess að eiga hreint vatn og einstaka náttúru. Okkar verkefni er að halda afram á sömu braut, takast á við verkefni og bæta samfélagið þannig að við öll fáum tækifæri til að blómstra. Þó að okkur greini á um margt, þá stöndum við saman þegar á reynir og tökumst saman á við áföll þegar þau dýnja yfir. Í þeirri samstöðu felast ómetanleg verðmæti.

Kærur landsmenn, gleðileg jól.



Það er einmitt þessi hlýja í garð okkunnuga sem einkennir jólin í svo ríku mæli.



### Jólagjöfin í ár

Vitamix blandararnir eiga sér engan jafningja.

Mylja nánast hvað sem er. Búa til heita súpu og ís.

Verð frá 94.999  
25% afsláttur af aukakönnum



Rauðagerði 25 108 Rvk. Sími 440-1800 www.kaelitækni.is



KRONAN



GLEDILEG *Jól*

Opið  
**9-15**  
í dag

aðfangadag\*

\*Opið til 14 á Hvolsvelli

Opið  
annan í jólum

**10-20**

í völdum verslunum  
sjá nánar á  
kronan.is

# ÁRIÐ MED AUGUM GUNNARS KARLSSONAR



# Við höfum staðið vaktina í 90 ár


Yfir hátíðarnar verðum við með á fjórða þúsund sjálfbodaliða til taks,  
dag og nótt og björgum því sem bjarga þarf – þín vegna.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

| Gleðileg jól!

# ÁRIÐ MED AUGUM GUNNARS KARLSSONAR



# BÆTTU **HAMINGJU** VIÐ JÓLABAKSTURINN



[tilhamingju.is](http://tilhamingju.is)

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Okkar menn

### Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

Everton

#### Gylfi Þór Sigurðsson

Skoraði annað markað Everton þegar liðið beið 6-2 ósigur á móti Tottenham Hotspur á Goodison Park.



Burnley

#### Jóhann Berg Guðm.

Var fjarri góðu gamni vegna meiðsla og lék ekki með Burnley í 3-1 tapi liðsins fyrir Arsenal á Emirates.



Cardiff City

#### Aron Einar Gunnarsson

Lék fyrstu 83 mínúturnar í liði Cardiff sem fékk 5-1 skell þegar liðið fékk Manchester United í heimsókn. Aron Einar varð fyrir hnjaski í seinni hálfleiks og var tekinn af velli undir lok leiksins.



Reading

#### Jón Daði Böðvarsson

Kom inn á sem varamaður þegar fimm mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma til þess að freista þess að jafna metin í 1-0 tapi Reading gegn Middlesbrough.



Aston Villa

#### Birkir Bjarnason

Spilaði sinn fyrsta leik eftir að hafa farið í aðgerð vegna meiðsla í lok nóvember þegar hann kom inn á á 73. mínútu í afar svekkjandi 3-2 tapi Aston Villa gegn Leeds United.



Ole Gunnar Solskjær fagnar einu af fimm mörkum Manchester United í sannfærandi 5-1 sigri liðsins gegn Cardiff City um nýliðna helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

**Tarkett**  
ALLT Á GÓLFID

HÁGÆÐA VIDARPARKET, HARÐPARKET OG VINYLARKET

**ALFABORG**  
- síðan 1986 -

Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

## Solskjær leysti kraftinn í sókninni úr læðingi

Ole Gunnar Solskjær fékk algjöra óskabyrjun í starfi sínu sem bráðabirgðaknattspyrnustjóri Manchester United. Leikmenn liðsins virtust hafa losnað úr fjötrum José Mourinho og léku við hvern sinn fingur þegar liðið mætti Cardiff.

**ENSKI BOLTINN** Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær stýrði Manchester United í sínum fyrsta leik eftir hann tók við liðinu af José Mourinho á miðvikudaginn þegar hann fór með lærisveina sína á sinn gamla heimavöll og mætti Cardiff City á laugardagskvöldið. Ole Gunnar hefur orðið tíðrætt um það að hann vilji innprenta leikmönnum liðsins gömlu gildi félagsins á nýjan leik og innleiða skemmtilegan og flæðandi sóknarleik í liðið.

Ef marka má frumraun Ole Gunnar við stjórnvöllinn hjá liðinu sem hann kvaddi fyrir sjó árum tókst honum það á þeim skamma tíma sem hann hafði til þess að undirbúa liðið fyrir leikinn. Samband Paul Pogba og Mourinho var til að mynda eins og milli óþroskaðs menntaskólanema og fýlds kennara hans. Í þessum leik lék Pogba hins vegar eins og áhyggjulaus skólakrakki á skólaöldinni og lagði upp tvö af fimm mörkum Manchester United.

Leikmenn á borð við Jesse Lingard, sem Ole Gunnar henti út í djúpu laugina þegar hann þjálfaði varalið Manchester United á sínum tíma og Paul Pogba sem var að brjóta sér leið inn í aðaliðið úr varaliðinu á þeim tíma, virtust frelsinu fegnir eftir að hafa verið múlbundnir í leiðinlegu og þunglamalegu uppleggi Mourinho. Lingard skoraði tvö markað Manchester United og Marcus Rashford, Anthony Martial og Ander Herrera voru á skotskónum.

### Stóru málin

#### eftir helgina í enska boltanum

#### Stærstu úrslitin

Manchester United minnti hressilega á sig með því að valta yfir Cardiff City í fyrsta leik Ole Gunnar Solskjær við stjórnvöllinn hjá liðinu. Manchester United er enn töluvert frá toppliðum deildarinnar, en frammistaða liðsins í þessum leik var hins vegar í hæsta gæðaflokki.



#### Hvað kom á óvart?

Roy Hodgson var ekkert sérlega vinsæll á meðal stuðningsmanna Liverpool á meðan hann réð ríkjum á Anfield á sínum tíma. Hann gerði hins vegar fyrrverandi lærisveinum sínum greiða þegar hann stýrði sínum mönnum hjá Crystal Palace til sigurs á móti Manchester City.



#### Mestu vonbrigðin

Chelsea hefur hægt og rólega verið að stimpla sig út úr titilbaráttu deildarinnar eftir góða byrjun í fyrstu leikjum Maurizio Sarri hjá félaginu. Tap liðsins gegn Leicester City um helgina þýðir að Sarri kastaði inn hvíta handklæðinu í baráttunni um titilinn.



Manchester United hafði mun meiri áhuga á að halda boltanum í sínum röðum og samleikskafnamir voru miklu fleiri, hraðari og skilvirkari en áður á yfirstandandi leiktið. Þetta er besta byrjun knattspyrnustjóra í sögu Manchester United og í fyrsta skipti í fimm ár sem liðið skorar fimm mörk í deildarleik. Það gerðist síðast þegar Sir Alex Ferguson kvaddi sviðið og eftirlét öðrum að freista þess að viðhalda velgengi sínu. Síðan þá hafa þeir knattspyrnustjórar komið og farið.

Ole Gunnar samdi við Manchester United um að vera í brúnni út þetta keppnistímabil eða næstu sex mánuðina. Hann hefur sjálfur sagt að hann hafi metnað og mikinn áhuga á að stýra skútunni til frambúðar og ef áframhald verður á spilamennskunni sem liðið sýndi í þessum leik og hann heldur áfram að hala inn stigum verður erftit fyrir forráðamann Manchester United að líta framhjá honum þegar knattspyrnustjóri verður ráðinn til frambúðar næsta vor.

Manchester United fær Huddersfield Town í heimsókn á annan dag jóla og venjan var sú að stuðningsmenn heimaliðsins fengu töluvert fyrir skildinginn þegar mætt var á jólasýningu Manchester United á Old Trafford um jólahátíðina á meðan allt lék í lyndi undir stjórn Fergusons. Nú hillir undir að jólahátíðin verði aftur gleðileg hjá rauða hluta Manchester-borgar.

hiorvaro@frettabladid.is



## Leikmaður helgarinnar

Jesse Lingard skoraði tvívegis þegar Manchester United gjör-sigraði Cardiff United með fimma mörkum gegn engu. Seinna markaði skoraði hann úr vítaspyrnu sem hann fiskaði sjálfur. Auk þess að skora mörkin tvö var Lingard viðriðinn margar fallegar sóknir Manchester United í leiknum og þar á meðal þegar hann lagði upp mark franska landsliðsframherjans Anthony Martial sem kom eftir einkar laglegan samleik sóknarmanna liðsins.

Lingard minnr reglulega á sig með góðri spilamennsku en það sem honum hefur helst verið legið á hálsi fyrir er að tengja saman góða frammi-stöðu leik eftir leik. Stuðningsmönnum Manchester United þykir mörgum hverjum enski landsliðs-sóknartengiliðurinn ekki sýna nægilegan stöðugleika í búningi liðsins. — hó



# Veislan heldur áfram á öðrum degi jólahátíðar

Aðdáendur ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla eiga möguleika á því að sitja í sófanum, melta jólasteikina og horfa á leiki í deildinni frá hádegi fram á kvöld á öðrum degi jóla. Mögulegt er að Íslendingar mætist inni á vellinum.

**ENSKI BOLTINN** Eins og venjan er fá leikmenn ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla litinn tíma til þess að jafna sig eftir kjótíði á jólahátíð. Niu leikir fara fram í deildinni á öðrum degi jóla og 19. umferð deildarinnar lýkur svo degi síðar. Þegar þeirri umferð er lokið verður deildin hálfnuð.

Möguleiki er á Íslendingaslag þegar Everton sækir Burnley heim. Jóhann Berg Guðmundsson hefur hins vegar verið að glíma við meiðslu undanfarið og ekki leikið í síðustu tveimur deildarleikjum liðsins sem tapaði gegn Lundúnaliðunum Tottenham Hotspur og Arsenal.

Burnley hefur raunar einungis farið með sigur af hólmi í einum af síðustu ellefu deildarleikjum sínum og þarf nauðsynlega á stigum að halda í harðri fallbaráttu. Jóhann Berg og félagar hans eru fyrir umferðina í þriðja neðsta sæti deildarinnar með 12 stig og eru tveimur stigum á eftir Aroni Einari Gunnarsyni og liðsfélögum hans hjá Cardiff City sem eru í sætinu fyrir ofan fallsæti.

Everton laut í lægra haldi 6-2 fyrir Tottenham Hotspur á Þorláksmessu, en Gylfi Þór skoraði þar



Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sárabótarmark fyrir Everton þegar liðið fékk slæman skell á móti Tottenham Hotspur á Þorláksmessu. NORDICPHOTOS/GETTY

annað marka Everton í leiknum og átti þátt í undirbúningnum að marki Theo Walcott. Cardiff City fær möguleika á að rétta úr kútnum eftir slæmt tap gegn Manchester United um helgina þegar liðið heimsækir Crystal Palace sem er í hæstu hæðum eftir 3-2 sigur gegn Manchester City.

Liverpool sem er með fjögurra

stiga forskot á toppi deildarinnar fyrir leikina um jólahátíðina etur kappi við Newcastle United á meðan Manchester City vonast til þess að komast aftur á sigurbraut í leik liðsins gegn Leicester City sem vann frækinn 1-0 sigur gegn Chelsea í síðustu umferð deildarinnar.

hjoarvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin



#### Wolves - Liverpool 0-2

0-1 Mo Salah (18.), 0-2 Virgil Van Dijk (68.).

#### Arsenal - Burnley 3-1

1-0 Pierre-Emerick Aubameyang (14.), 2-0 Pierre-Emerick Aubameyang (48.), 1-2 Ashley Barnes (63.), 3-1 Alex Iwobi (90.).

#### Man.City - Crystal Palace 2-3

1-0 Ilkay Gündogan (27.), 1-1 Jeffrey Schlupp (33.), 1-2 Andros Townsend (35.), 1-3 Luka Milivojevic (viti) (51.), 2-3 Kevin De Bruyne (85.).

#### Chelsea - Leicester 0-1

0-1 Jamie Vardy (51.).

#### Bournemouth - Brighton 2-0

1-0 David Brooks (21.), 2-0 David Brooks (77.).

#### West Ham - Watford 0-2

0-1 Troy Deeney (viti) (30.), 0-2 Gerard Deulofeu (87.).

#### H.field - Southampton 1-3

0-1 Nathan Redmond (15.), 0-2 Danny Ings (viti) (42.), 1-2 Philip Billing (58.), 1-3 Michael Obafemi (71.).

#### Newcastle - Fulham 0-0

#### Cardiff - Man.Utd 1-5

0-1 Marcus Rashford (3.), 0-2 Ander Herrera (29.), 1-2 Victor Camarasa (viti) (38.), 1-3 Anthony Martial (41.), 1-4 Jesse Lingard (viti) (57.), 1-5 Jesse Lingard (90.).

#### Everton - Tottenham 2-6

1-0 Theo Walcott (21.), 1-1 Son Heung-Min (27.), 1-2 Dele Alli (35.), 1-3 Harry Kane (42.), 1-4 Christian Eriksen (48.), 2-4 Gylfi Þór Sigurðsson (51.), 2-5 Son Heung-Min (61.), Harry Kane (74.).

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ




**HB GRANDI**



Ragnar Bragason stóð vaktina í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar í aðdraganda jóla. Desember er mikilvægur verslunarmönnum, þegar stór hluti ársveltunnar kemur inn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Afgreiðslutímar yfir hátíðarnar

### Læknisþjónusta, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Kvænnaathvarfið

#### Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi

Opið allan sólarhringinn alla daga. Beint innval á slysaeyld í Fossvogi 543-2000. Í neyðartilvikum. Bráðamóttaka geðdeildar við Hringbraut er opin milli 13-17 á heildidögum. Utan þess tíma er hægt að leita á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

#### Læknavakt heilsugæslunnar Aðfangadagur 9-18 og 20.30-23.

#### Jóladagur annar í júlum 9-23.30. Gamlársdagur 9-18 og 20.30-23.

Vitjanasími 1770 Aðfangadagur 08-23.30. Jóladagur 08-23.30. Annar í júlum 08-23.30. Símaröðgjafarþjónusta 1770. Opið allan sólarhringinn alla daga.

#### Neyðarlínan Neyðarsíminn 112 er opin allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og

svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabíreiðar og lögreglu um allt land.

#### Rauði krossinn 1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opin allan jólahátíðina.

#### Stígamtót Lokað yfir hátíðarnar og til nýs árs.

#### Kvænnaathvarfið Opið allan sólarhringinn, alla daga. Sími 561-1205.

#### SÁÁ göngudeild

Lokað á jóladag, annan í júlum og nýársdag. Opið 9-12 aðfangadag og gamlársdag. Opið milli 9-17 aðra virka daga. Utan opnartíma er bent á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi komi upp neyðartilfelli.

#### Tannlæknar

Aðfangadagur Opið 10-12 hjá Inga Gunnlaugssyni, s. 565-1600. Jóladagur Opið 10-12 hjá Alis G. Heiðar, s. 561-3130.

#### Annar í júlum Opið 10-12 hjá Önnu Þóru Alfreðsdóttur, s. 565-5588. 27. desember Opið 10-12 hjá Úlfhildi Leifsdóttur, s. 565-9077.

28. desember Opið 10-12 hjá Hilmi Þór Kjartanssyni, s. 587-5666.

29. desember Opið 10-12 hjá Benedíkt B. Ægissyni, s. 553-4450.

30.-31. desember Opið 10-12 hjá Hilmi Þór Kjartanssyni, s. 587-5666.

Nýársdagur Opið 13-15 hjá Inger Eyjólfsdóttur, s. 552-6333.

### Apótek

#### Lyfja

Aðfangadagur Opið 8-18 Lág múla og á Smáratorgi. Opið 10-12 nema Búðardal, Grundarfirði, Hvammstanga, Laugarási,

Seyðisfirði. Þar verður lokað.

#### Jóladagur Opið 10-24 Lág múla og Smáratorgi.

#### Árbæjarapótek

Opið 9-12 aðfangadag og gamlársdag. Lokað jóladag, annan í júlum og nýársdag.

#### Lyf og heilsa

Aðfangadagur Opið 10-12 Glerártorgi, 8-13 JL-húsinu, 10-13 Kringlunni og 9-12 Firði. Jóladagur Lokað.

#### Annar í júlum Opið 12-22 JL-húsi.

#### Lyfjaver

Opið 8.30-12 aðfanga- og gamlársdag. Lokað á öðrum frídögum.

### Samgöngur, sundlaugar, stórmarkaðir, söfn og dýralæknar

#### SAMGÖNGUR

Aðfanga- og gamlársdag ekur Stræto eftir hefðbundinni áætlun til kl. 15. Sunnudagsáætlun á jóladag, annan í júlum og nýársdag.

#### SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Aðfangadagur Opið 6.30-11.30 Álfanesi og Ásgarði Opið 6.30-11 Sundhöll Hafnarfjarðar Opið 6.30-13 Ásvallalaug og Suður-bæjarlaug Opið 8-12 í Lágafellslaug, Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni Versölum. Opið 8-12.30 í Seltjarnarneslaug. Opið 8-13 í Árbæjarlaug, Breiðhótslaug, Grafarvogslaug, Laugar-dalslaug, Sundhöll Reykjavíkur og Vesturbæjarlaug.

Opið 9-12 í Varmárlaug. Opið 10-13 í Klébergslaug. Lokað í Nauthólsvík.

Jóladagur Allar laugar lokaðar. Annar í júlum Opið 8-17 Ásvallalaug Opið 10-16 í Lágafellslaug. Opið 10-18 í Sundlaug Kópavogs, Sundhöll Reykjavíkur og Versölum. Opið 12-18 í Árbæjarlaug, Laugar-dalslaug og Vesturbæjarlaug. Lokað í öðrum laugum.

#### STÓRMARKAÐIR

Bónus Aðfangadagur Opið 10-14. Lokað á jóladag og annan í júlum.

#### Hagkaup

Aðfangadagur Opið 24-16 í Skeifunni og Garðabæ. Opið 8-16 Akureyri, Spönginni og Eiðistorgi. Opið 10-14 í Smáralind, Kringlunni, Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi. Jóladagur Lokað. Annar í júlum Opið 10-24 Akureyri, Spönginni og Eiðistorgi. Opnar 10 í Skeifunni og Garðabæ. Lokað annars staðar.

#### Nettó Aðfangadagur

Opið til 13 á Granda og í Mjódd. Opið 10-13 í Hafnarfirði, Búðakór, Salavegi, Glerártorgi, Hrisárlundi, Húsavík, Krossmóa, Grindavík, Iðavöllum, Selfossi, Egilsstöðum, Höfn

og Borgarnesi.

#### Jóladagur Lokað.

#### Annar í júlum

Opnar tíu á Granda og í Mjódd. Opið 10-21 í Hafnarfirði, Hrisárlundi, Iðavöllum. Búðakór og Salavegi. Lokað annars staðar.

#### Krónan

Aðfangadagur Opið 9-15 nema Hvolsvelli (9-14). Jóladagur Lokað. Annar í júlum Opið 10-20 í Akraþraut, Akranesi, Árbæ, Fitjum, Grafarholti, Hval-eyrarbraut, Hamraborg, Jafnaseli, Nóatúni og Vallakór. Opið 9-16 á Hvolsvelli, 10-16 á Reyðarfirði, 10-18 í Vestmanna-eyjum og 9-18 í Vík í Mýrdal.

#### SÖFN

#### Listasafn Reykjavíkur

Lokað aðfangadag og jóladag. Opið 13-17 annan í júlum í Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni.

#### Listasafn Íslands

Opið 11-12 fyrir jólasveinaskemmtun. Lokað aðra hátíðardaga.

#### Þjóðminjasafnið

Aðfangadagur Opið 11-12 fyrir jólasveinaskemmtun. Jóladagur Lokað. Annar í júlum Opið 10-17.

#### DÝRALÆKNAR

Lokað fridaga. Neyðarsími vakt-hafandi dýralæknis, s. 530-4888.

# LEIÐ

MÁNUDAGUR · 24. DESEMBER 2018

Gleðileg jól

Verða þetta þín lukkujól?

Jólamínn er kominn á sölustaði um allt land.

HAPPA  
PRENNAN

Skammtlegið skali



ENZYMEDICA.

Gleðilega  
meltingu!



Jól hjá prestum eru oft mikil vinnutörn en þessi jólin er Davíð Þór í fæðingarorlofi með Ægi litla syni sínum og getur verið í faðmi fjölskyldunnar. MYND/EYÞÓR

# Ekki endilega hættur barneignum

Séra Davíð Þór Jónsson er í fæðingarorlofi sem tekur enda um áramót þegar hann þjónar fyrir altari í Laugarneskirkju á nýársdag. Hann á fimm börn frá 10 mánaða til 35 ára og telur Guð og hið góða hafa sömu merkingu. ➔2

## Framhald af forsiðu →

**Pórdís Lilja Gunnarsdóttir**  
thordisg@frettabladid.is



Ég hlakka til að mæta aftur til vinnu á nýársdag en á sama tíma fylgir því tregi að fæðingarorlofinu ljúki því við fæðgar höfum átt svo yndislegan tíma saman," segir Davíð Þór og faðmur Ægi, tíu mánaða son sinn, fast að sér í jólaljósunum. Ægir fæddist í febrúar á þessu ári en fyrir átta þau Þórunn Gréta Sigurðardóttir dótturina Signýju sem fæddist þeim 2016.

„Þórunn fór eðlilega strax í fæðingarorlof en eftir á að hyggja hefði ég átt að gera það líka, enda í nógu að snúast með tveggja ára barn og hvítvöðung. Ég var því ekki nógu mikið til staðar og sagði við Þórunni að næst gerðum við þetta ekki svona. Hún horfi á mig: „Næst? Láttu þig dreyma!“, rifjar Davíð upp og hlær. „Við erum svo sem ekki að plana frekari barn-eignir en ég er ekki heldur að lýsa því yfir að við séum hætt.“

Davíð Þór er fæddur það herrans ár 1965 og á þrjú uppkomin börn á aldrinum 27 til 35 ára.

„Ég á líka fjögur dásamleg barnabörn sem eru eldri en mitt yngsta barn. Það er sagt að þetta geri mann ungan á ný en ég segi að þetta geri mann aðallega vansvefta," segir Davíð sposkur. „Það er akveðið dejavú að vera kominn aftur með litil börn því nú er ég með stelpu og strákr þar sem eru tvö ára á milli en þannig var það líka með Ísold mína og Núma 1990 og 1991. Mér verður því stundum á að kalla litlu krílin mín Signýju og Ægi Ísold og Núma," segir Davíð en fyrir átta hann dótturina Huldu sem er fædd 1983.

## Guð birtist okkur sem barn

Það er aðfangadagur og Davíð Þór hlakkar til að eiga jól eins og hann þekkti áður en hann varð prestur.

„Jól mín sem prestur snúast um vinnutörn. Ég er vanur að vera með þrjár messur á aðfangadag og eina á jóladag sem þýðir að jólafrí með fjölskyldunni byrjar á annan í jolum. Því finnst mér notalegt í fæðingarorlofinu að geta átt mín gömlu hefðbundnu jól í faðmi fjölskyldunnar, tekið pakkarúntinn og haft tíma til að elda rjúpurarnar í kvöld, borða heimatilbúinn ís, hlusta á aftansöng í útvarpinu og leggast undir sæng með nýja bók á jólanótt.“

Davíð Þór hlakkar líka til að opna jólapakka með börnum sínum, enda er fæðing Jesúbarns-ins samofin einlægri gleði jarðneskra barna um jól.

„Hvað sjálfan mig varðar kemur Guð til mín á jolum, nálgastr mig

Þegar við hittumst í þriðja sinn fann ég að þessu var ætlað að gerast en þó er ekki hægt að segja að það hafi verið ást við fyrstu sýn.

og frelsar, eins og aðeins nýfætt barn getur gert þegar maður fær það í fangið. Þá þarf maður að setja sjálfan sig í annað sætið, leggja egóíð til hliðar og þjóna öðrum. Svo sagði Jesús sjálfur þegar hann var kominn til vits og ára: „Hver sá sem ekki tekur á móti Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma.“ Því er barnsleg jólagleðin sem maður fyllist á þessum árstíma og langt fram á fullorðinsaldur þórf upprifjun á því hvernig á að taka á móti Guðs ríki og þess vegna birtist Guð okkur sem barn sem þarf á okkur að halda.“

## Ást eftir þriðju sýn

Leiðir Davíðs Þórs og Þórunnar Grétu lágu saman í þriggja áður en ástin sigraði þau árið 2005.

„Við hittumst fyrst þegar Þórunn var í Menntaskólanum á Egilsstöðum og fékk það verkefni að sækja mig og skila út á flugvöll þegar ég var pantaður austur sem kynnisr á tónlistarhátíð. Árum seinna flutti hún til Reykjavíkur með sínum þáverandi, í stiga-ganginn við hliðina á mér þar sem ég bjó með minni fyrrverandi. Enn árum síðar sótti hún um vinnu hjá mér sem þýðandi þar sem ég stjórnadi talsetningu teiknimynda í Stúdíó Sýrlandi. Þar tók ég eftir því hvað hún var flink, vel máli farin og með góðan hómur, og eitt leiddi af öðru. Þegar við hittumst í þriðja sinn fann ég að þessu var ætlað að gerast en það er þó ekki hægt að segja að það hafi verið ást við fyrstu sýn heldur byrjaði allt á faglegum samskiptum og virðingu sem varð að væntumþykju og aðdáun sem varð að ást," upplýsir Davíð Þór og allt er svo sannarlega þegar þrennt er. „Þeir er heilög tala sem inniber allt; allan tíma, fortíð, nútíð og framtíð; sköpunarverkið í heild sinni, dýrarikið, jurtaarikið og steinarikið; og hina heilögu þrenningu, föður, son og heilagan anda.“

Þau Davíð Þór og Þórunn Gréta eru þó ekki búin að nýta hnúttinn í heilögu hjónabandi.

„Við erum gift hvort öðru í hjórtum okkar þótt enn eigi eftir að ganga frá formsatriðinu. Hún er konan mín af því að hún er kona og hún er mín. Hún er konan mín vegna þess að ég varð ástfanginn af henni, sá í henni eitthvað sem hreif mig. Mig langaði að hafa hana sem hluta af lífi mínu og sem þátttakanda í því. Hvað það var er órátt



Fæðgarnir Davíð Þór og Ægir hafa notið þess að vera saman í fæðingarorlofi síðastliðna sex mánuði. MYND/EYÞÓR

og ósnertanlegt; kannski bros eða glit í auga, einhver andleg bylgju-lengd, greind, hómur og grundvallar lífsviðhorf sem við deilum.“

## Ekki í satanískri þónkgrúbbu

Sumarið 2016, þegar Davíð Þór og Þórunn Gréta voru í fæðingarorlofi með Signýju, stofnuðu þau þónk-sveitina Austurvígstöðvannar. Á árinu kom út fyrsta plata sveitarinnar, Útvarp Satán.

„Austurvígstöðvannar er alls ekki satanísk heldur þvert á móti mjög kristileg þónkgrúbbu, þótt platan sé nefnd eftir einu lagi hennar sem fjallar um útvarpsstöð með satanískan boðskap um að hata náungann og óttast þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu," útskýrir Davíð Þór sem semur alla lagatexta og flestar tónsmíðar Austurvígstöðvanna, ásamt því að vera aðalsöngvari með Díonu Mjöll Sveinsdóttur.

„Hljómsveitin var hugsuð sem skemmtilegt hobbí en hún vatt fljótt upp á sig og varð miklu betri en til stóð. Við byrjuðum þrjú en erum nú orðin sex og ég er sérstaklega stoltur af kynjahlutfallinu því konurnar eru þrjár og þarf af Þórunn mín. Það er rosa fint að vera saman í hljómsveit. Þórunn er afbragðs hljómborðsleikari og stórkostlega ofmenntuð til að vera í þónkgrúbbu, með meistaragráðu í klassískum tónsmíðum, en við erum í þessu til að hafa gaman af

Hvað mig sjálfan varðar kemur Guð til mín á jolum, nálgastr mig og frelsar, eins og aðeins nýfætt barn getur gert þegar maður fær það í fangið.

því og þetta er skemmtilegt," segir Davíð Þór sem stefnir á nýja plötu á nýju ári.

„Yrkisefni mitt í lagatextum eða sú staðreynd að ég sé prestur kemur Austurvígstöðvunum ekki meira við en að Diana Mjöll sé rútblístjóri. Í hugum margra er óljóst hvenær prestsembættinu sleppir og privatpersóna prestsins tekur við. Hins vegar er ég engu að síður borgari í lýðfrjálsu landi sem hefur rétt á því að hafa skoðanir, tjá þær og taka þátt í þjóðfélags-umræðum og pólitík.“

Textar Davíðs Þórs eru Austurvígstöðvunum eru beittir og berodir.

„Vitaskuld eru textarnir settir fram í svolitilli kaldhæðni en boðskapurinn er samt sem áður nokkurn veginn sá sami og ég kem á framfæri í kirkjunni og við annað fólk. Að við séum góð hvert við annað, hættum að vera hrædd hvert við annað, og að við hlustum ekki á þá sem reyna að sundra

okkur og vekja úlfúð okkar á milli.

Tók ekki prestvígslu í briarri Þegar Davíð Þór hóf guðfræðinámið árið 1991 var það vegna áhuga hans á heimspeki og siðfræði.

„Á þeim árum hafði ég litla trúar-sannfæringu og lítid sem ekkert persónulegt vitundarsamband við æðri mátt. Það hafði lengi blundað í mér að verða leikari og eftir tvö ár í guðfræðináminu opnaðist gluggi og ég varð eftirsóttur skemmti-kraftur og endaði í skemmtana-bransanum í þrettán ár," útskýrir Davíð Þór sem lenti ungur í slagtoxi með Bakkusi en hætti að drekka 2005.

„Í sporavinnu AA-samtakanna þurfti ég að horfa inn á við og í eigin barm. Þá rifuðust upp kynni mín við æðri mátt sem urðu allt í einu einlægari og persónulegri en ekki fræðileg og fagleg eins og þau höfðu verið í fyrstu átrennu minni í guðfræðinni.“

Það var Þórunn Gréta sem rak Davíð til þess að ljúka við guðfræðinámið.

„Upphaflega planið var þá að klára BA-prófið til að vera ekki titlaður fyrrverandi guðfræðinemi til æviloka, eins og verið hafði, en í náminu fann ég hvernig áhuginn blossaði upp og eftir að starfa við afleysingar sem askulýðsprestur á Egilsstöðum eftir útskrift 2011 fann ég sterk hvað ég vildi gera við síðustu tuttugu árin af starfs-

## Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!



„Lóraólga þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægdagregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“  
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

abel heilsuvörur  
www.abelheilsuvorur.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólvéig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | Stari Freyr Jónsson, stari@frettabladid.is, s. 550 5763 | Pórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmáður: Sólumenn: Amnar Magnússon, amnar@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, Torg ehf Kristín Þorsteinsdóttir joniwar@frettabladid.is, s. 550 5654, Johann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653.

ævinni," segir Davíð sem var skipaður sóknarprestur í Laugarneskirkju árið 2016 en var vigður í embætti héraðsprests í Austurlandsprófastsdæmi 2014. Þá bjó hann á Eskifirði í tvö ár.

„Ég held að fólk sé búið að fatta að mér sé alvara með þessu. Að jafnvel ég hefði ekki úthald í svo langdreginn brandara svo löngu eftir að hann hætti að vera myndinn," segir Davíð Þór sem víðurkennir að fyrsta kastíð hafi hann fundið að fólk vissi ekki hvernig það ætti að taka honum sem presti. „Ég veit að margir héldu að guðfræðiahugi minn væri stælar eða tiktúrur en ég held að fólk átti sig á því núna að ég tók ekki prestvígslu í neinu briarri heldur af því ég hafði köllun til kirkjulegrar þjónustu og þegar ég tala um trú mína og æðri mátt er mér einlæg alvara með því.“

Davíð Þór hefur að keppikefli að vinna vinnu sína vel frekar en að eltast við vinsældir.

„Ég held það sé mjög mikilvægt fyrir presta að þora að vera óvinsælur og þeir þurfa að þora að segja fólk til syndanna þegar að þarf. Ég veit að meðal hlustenda ákveðinnar útvarpsstöðvar, sem ég í söngtexta kalla Útvarp Satan, er ég sennilega óvinsælasti prestur landsins," segir Davíð Þór og visar í Útvarp Sögu. „Þar hafa stjórnendur kallað mig geðsjúkling, eiturlyfja-sjúkling og kynferðisafbrotamann á öldum ljósvakans vegna þess að ég hef óhikað gagnrýnt þá fyrir að dreifa lygum og hatri um innflytjendur og hælisleitendur. Ég hef fengið það tífalt til baka en á sama tíma hef ég litlar áhyggjur af því að fólk með fullu viti hlusti á þá útvarpsstöð.“

### Hafnar ekki trúararfi sínum

Í fæðingarorlofi með Ægi litla hefur Davíð Þór setið við skrifrit og unnið að bók með trúarljóðum. Hann á líka sálm í nýrri og vantanlegri sálmabók Þjóðkirkjunnar, við lag Arngerðar Mariu Árnadóttur.

„Ef einhver hefði áður sagt að ég ætti eftir að verða sálmaskáld hefði ég sennilega skellt upp úr. Ég hef dálítið fengist við að yrkja sálma og þykir mikill heiður að pláss sé fyrir sálminn í nýju sálmabókinni," segir Davíð Þór um sálm sinn í svörtum himingeimi sem var frumfluttur á Sálmafossi í Hallgrímskirkju á Menningarnótt í fyrra og hefur farið sigurför síðan.

„Sálmurinn er sterk vist- og sköpunarguðfræði sem leggur áherslu á ráðsmennsku mannsins yfir jörðinni og skyldu mannsins sem ráðsmanns Guðs; kristileg nálgun að loftlagsvánni og vandanum sem mannkynið stendur frammi fyrir og mikilvægi þess að standa vörð um sköpunarverkið svo að reikistjarnan okkar verði byggileg í framtíðinni," útskýrir sálmaskáldið Davíð.

„Ég hef verið spurður hvernig ég, sem skýsamur og greindur maður, geti verið kristinn og trúað því að Biblían sé full af sannleika en önnur trúarbrögð ekki. Þá er mitt svar að ég er ekki kristinn af því ég er svo sannfærður um að allt annað sé þvættingur. Ég efast ekki um að hefði ég fæðst í Bagdad væri ég múslimi en af hverju hefði ég átt



Ægir er yngstur af fimm börnum Davíðs Þórs en það elsta er 35 ára.

„Ég hef aldrei sagt svo myndinn brandara eða átt svo gott uppistand að þakklætið sem ég uppskar hafi jafnast á við þakklæti syrgjenda sem þakka mér samfylgdina í því erfiða ferli sem sorgin er. Þakklætið er best við prestsstarfið.“

að rísa upp gegn trúararfi mínum og umhverfi sem ég sá ekki ástæðu til að gera í Reykjavík? Ég fann mig knúinn til að velja mér leið til að rækta mitt andlega líf og trúarlíf og þetta var sú leið sem ég valdi, enda er ekki hægt að fara allar leiðir," segir Davíð með festu.

Á honum brennur að við getum búið saman í friði og borið virðingu hvert fyrir öðru, óháð trú, trúarbrögðum eða skorti á trú, og að við hættum að tala af yfirleiti um þá sem ekki deila með okkur trúar- eða lífs-sköðunum.

„Nafn mitt kemur úr Bibliunni, það er kross í fánanum og kirkja hinum megin við götuna mína. Ég hefði getað gerst hindú og farið yfir hálfan hnöttinn til að finna vatnið sem rennur í bæjarlæknum mínum, en ég gerði það ekki. Þetta er sú leið sem ég valdi og ætla að halda mig við. Ég hef ekkert í höndunum sem segir að hún sé betri eða verri en aðrar leiðir. Mig langar heldur ekki að hreykja Þjóðkirkjuna eða kristniðmnum á kostnað annars. Fyrir mér snýst þetta ekki um að hafa rétt eða rangt fyrir sér um heimsmyndina heldur að vera andlega ríkur og manneskja sem á sér andlegt líf og ræktar það. Það er engin manneskja enn svo fáfróð að hún geti vænst þess að vera við góða líkamlega heilsu án þess að gera nokkurn tímann neitt fyrir hana. Það sama á við um andlegt heilbrigði og andlegt líf; maður getur ekki vænst þess að vera andlega heill ef maður gerir ekkert fyrir

andlegt heilbrigði sitt. Þar kemur trúin inn í líf mitt og ég hef mikla trú á trúnni. Ég hef hins vegar ekki mikla trú á trúarbrögðum, enda eru þau aðeins vettvangur til að jóka trú. Að halda að maður verði sálhólpinn af því að aðhýllast trúarbrögð er eins og að halda að maður verði hraustur af því að eiga íþróttaleikvang. Það þarf að nota hann til að öðlast heilsu.“

### Guð er kærleikur

Guð birtist Davíð Þór hvarvetna í lífi hans og tilveru.

„Ég skynja Guð í þeim gnægðum sem hann hefur gefið mér í lífinu. Í börnunum mínum og fólkinu mínu, traustinu sem ég nýt og velvildinni sem ég mæti. Líf mitt er umvafið Guði og ég held að Guð og hið góða séu samstofna orð, með sömu merkingu og sömu grunnhugmynd," segir Davíð Þór.

Óg það besta við að vera prestur segir hann vera þakklætið.

„Ég hef stundum verið spurður hvort það sé gaman að vera prestur. Það er er það oft en alls ekki alltaf. Maður er oft með fólk á mjög erfiðum stöðum í lífi sínu en ég hef aldrei sagt svo myndinn brandara eða átt svo gott uppistand að þakklætið sem ég uppskar hafi jafnast á við þakklæti syrgjenda sem þakka mér samfylgdina í því erfiða ferli sem sorgin er, eða þegar fólk leitast sálsgæslu hjá mér og ég sé það ganga út aðeins upp-rettara en það kom inn. Það er góð tilfinning að geta orðið annarri manneskju að líði. Það er að vera í Guði. Guð er kærleikur.“

Langri útgáfa af viðtalinu við Davíð Þór er á fréttablaðið.is.

# GLEÐILEG JÓL GOTT OG FARSÆLT KOMANDI ÁR



## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BILINN ?**  
Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og hringi til baka

### Viðgerðir

Almennar bilviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Kenni disk og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

### Varahlutir

## Startarar & alternatorar

Í bíla, báta og vinnuvélar



### Bílaraf

Flatrauni 25 - Hafnarfirði  
Sími 564 0400  
[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

## Hjólbarðar

# VAKA

ALLIR UPP Á DEKK!  
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA OG GOTT ÚRVAL DEKKJA



Sími: 567 6700 | [vakah.is](http://vakah.is)

## Þjónusta

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningabjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þivegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**  
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélag, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli, fyrirtækjafl, pianófl, ofl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Keypt & Selt

### Til sölu



## Kassagítarar á tilboði

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 [www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is) gitarinn@gitarinn.is



## HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJAVARFANGL WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar [jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

### Til bygginga



## HARDVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, þanill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf. Oseyrarbraut 2 Hf. Upplhjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

[www.yakovswell.net](http://www.yakovswell.net)

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

[www.yakovswell.net](http://www.yakovswell.net)

intellecta.is

# RÁÐNINGAR



## intellecta

## Gleðilega hátíð Jólakveðja frá starfsfólki



**VERSLUNARTÆKNI** [www.verslun.is](http://www.verslun.is)

**geiri** [www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)

**STÖRILINDUS**

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](http://verslun@verslun.is)

# STÓRA BÍLASALAN

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Kletthálsi 2 • 110 RVK • S. 586 1414  
[www.stora.is](http://www.stora.is)

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Bílahöllin • Bíldshöfða 5 • 112 RVK • S. 567 4949 • [www.bilahollin.is](http://www.bilahollin.is)

# LITLA bílasalan

[www.litla.is](http://www.litla.is) 587 7777

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

# ishúsið

ishúsið ehf • [www.ishusid.is](http://www.ishusid.is) • S:566 6000

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

**TOPPBÍLAR** Kletthálsi 2 - 110 RVK - 587 2000  
[www.toppbilar.is](http://www.toppbilar.is)

# BÍLO.IS HÖFÐAHÖLLIN

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Höfðahöllin Funahöfða 1, 110 RVK, s. 567 4840, [www.bilo.is](http://www.bilo.is)

# HEIMSBÍLAR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Klettháls 2 - 110 RVK - 567 4000 - [www.heimsbilar.is](http://www.heimsbilar.is)

# BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

S. 587 1350

SMÍÐLUGUR 68, GUL GATA • KÓPAVOGUR  
[WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS](http://WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS)

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

## Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

# JS LJÓSAHÓLAN

Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.


[www.velaverks.is](http://www.velaverks.is)

# GLUGGA GERÐIN

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - [gluggagerdin@gluggagerdin.is](http://gluggagerdin@gluggagerdin.is)

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



# KRÓKUR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

[www.krokur.net](http://www.krokur.net) - Sími 522-4600.

# 567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

[nya.is](http://nya.is)

## SMÁAUGLÝSINGAR 5

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

### Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500



*Gleðin kemur innanfrá*

*Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*



**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf.**



ÖDINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.

Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

Starfsfólk Eignamiðlunar



**EIGNAMIÐLUN**

588 9090 - [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is) - Grensásvegur 11 - 108 Reykjavík

**60**

FRAMÚRSKARANDI  
SÍÐAN 1957



# Gleðilega hátíð

Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleði og friðar á jólum og gæfuríks komandi árs. Þökkum fyrir ánæguleg samskipti á liðnum árum og hlökkum til frekari samskipta á nýju ári.

Jólakveðja, starfsfólk Heimili fasteignasölu.



**heimili**  
fasteignasala

á traustum grunni

Grensásvegur 3 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • [heimili.is](http://heimili.is)





Hlöðver og Ólöf eru sammála um að þeim hafi alltaf komið vel saman. Þau ætla að halda upp á brúðkaupsafmælið með því að bjóða fjölskyldunni heim þann 26. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



## Í gegnum súrt og sætt í sjötíu ár

Þau hafa þolað saman súrt og sætt í sjö áratugi, hjónin Hlöðver Jóhannsson og Ólöf Sigríður Björnsdóttir. Reyndar kynntust þau árið 1943 þegar hún var sextán ára og hann átján og fljótlega varð þeim ljóst að þau vildu ganga gótuna saman. Sú ákvörðun var innsigliuð með brúðkaupi á annan í jólum árið 1948 svo nú fagna þau sjötíu ára brúðkaupsafmæli þann sama mánaðardag.

Ólöf stendur við eldhúsborðið með flotta svuntu og er að móta litlar gerbollur og raða þeim á plötu þannig að þær myndi jólatré, þegar mig ber að garði. Heimili þeirra hjóna er í einu af yngri hverfum Kópavogs og þar inni er jólalegt og fagurt um að litast. Meðal þess sem athygli vekur eru litlar bjöllur á snúrum, sem bæði prýða eldhúsið og sólhús sem blasir við út um eldhúsgluggann. Ólöf gengst við að hafa heklað bjöllurnar. „Ég er mikil jólamanneskja,“ segir hún. „Byrja á að setja upp aðventukrans laugardaginn fyrir sunnudag í aðventu, svo tóni ég upp eitt af öðru og kem því fyrir. Fer óhrædd upp í tröppur enn þá. – Nú ætla ég að klára þetta bollutré snöggvast og láta það hefja sig áður en ég gef þér kaffi. Hingað kemur enginn án þess að fá kaffi.“

Hlöðver er inni í stofu og setur snarlega ný batteri í heyrnartækin þegar hann veit af hvers konar tagi gesturinn er. Hann kveðst heyra orðið illa. „Ég vann svo mikið á vélum og tækjum og framan var voru engar heyrnarhliflar til taks,“ segir hann til skýringar. „En ég hef sæmlega sjón og get lesið enn þá. Ég les dagblöðin,“ segir hann kankvis.

### Telja bæði að hitt ráði

Hjónin eru skriðin yfir á tíræðisaldur. Hann er níutíu og þriggja og hún níutíu og eins. Þau sjá alger-

Hjónin **Hlöðver Jóhannsson** og **Ólöf Sigríður Björnsdóttir** eiga 70 ára brúðkaupsafmæli 26. desember. Ólöf segir ástina umhyggju og væntumþykju. Þeim hefur alla tíð samíð vel og segja náttúrulegt jafnræði á milli þeirra.



Fjölskyldan við skirn Steinþórs 1963. Hjónin með Jóhann á milli sín. Aftan við standa Hallgerður og Baldur. Afkomendur hjónanna nálgast nú fjórða tuginn.

lega um sig sjálf og íbúðin þeirra er í almennu fjölbýlishúsi. Bæði bera aldurinn vel og hlýtur að hafa liðið vel saman. Þegar ég bið þau að lýsa ástinni er Ólöf fyrri til svars. „Ég segi bara að ástin sé væntumþykja og umhyggja. Ég get ekki skilgreint hana öðruvísi. Ég veit ekki hvað hann segir.“

„Okkur Ólöfu Sigríði hefur alltaf komið vel saman af því að hún stjórnar mér sko,“ segir Hlöðver glettislega. Ólöf er ekki alveg á sama máli. „Ég get sagt þér það að okkar hjónaband hefur enst þetta fyrir það að hann hefur ráðið og ég hef samþykkt. En það hefur alltaf komið gott út úr því og þetta hefur blessast hjá okkur.“

„Ég var mikið í stjórnun í vinnunni, kannski hef ég gleymt mér stundum og viljað stjórna frúnni líka,“ viðurkennir Hlöðver. „Ég hafði svo mikið að gera en hún sá alveg um krakkana og heimilið og gerði það af miklum myndarskap.“

Ég spyr hvort það sé ekki bara jafnræði með þeim. „Jú, það er það náttúrulega,“ segir hún. „Samkomulagið hefur alltaf verið gott hjá okkur. En ef ég tala hátt núna, því hann Hlöðver heyrir illa, þá heldur hann að ég sé að skamma sig, en það er alls ekki þannig því ég kann ekki að rifast og hef aldrei getað það.“

### Búin að baka til jólnanna

Aður en varir eru komnar postulinsbollar á dukað borð, kaffi og meðlætið ekki af verri endanum, pönnukökur, jólakaka, vanilluhringir og fleiri finar smákökusortir. Allt úr smíðju húsfreyjunnar.

„Ég bakaði pönnunnar í gær. Þeir komu hingað að hann Sigurður Arnarson, prestur í Kópavogskirkju, og Guðmundur sóknarnefndarformaður með jólaskeytingu handa mér og þakarskjál fyrir það sem ég hef gert fyrir kirkjuna. Ég gekkst fyrir því að halda basara bæði í fyrri og núna til að safna fyrir viðgerðum á kirkjugluggunum. Við vorum margar sem hjálpuðumst að. Ég saumaði fimmtán svona svuntu eins og ég er með og gerði tvo stóra aðventukransa úr brauði. Sat líka



### ÉG HAFDI SVO MIKIÐ AÐ

### GERA EN HÚN SÁ ALVEG UM

### KRAKKANA OG HEIMILIÐ

### OG GERDI ÞAÐ AF MIKLUM

### MYNDARSKAP.

Hlöðver

við í allt sumar í ríngingunni og vann fyrir basarinn. Það er komið á aðra milljón sem safnast hefur fyrir muni og líka kaffi og vöflusölu sem annar hópur sá um, ég keypti jarðarber og sauð sultu úr þeim á vöflurnar. Það er allt hægt.“

Þegar ég furða mig á orkunni sem þessi fullorðna kona er gædd segir hún: „Ég er bara búin að þurfa að vinna frá því ég stóð fyrst í fæturna en það er auðvitað margt búið að henda mig í lífinu, veikindi og annað.“ Hún upplýsir að hún hafi þurft að fara í fjórar aðgerðir á tveimur árum, meðal annars út af krabbameini, einnig hafi hún tvi-vegis fengið blóðtappa gegnum höfuðið. „Ég get ekki lyft annarri öxlinni út af þeim fyrri en þegar hún var á ferðinni í vor komst ég svo fljótt til læknis að það náðist að bjarga mér. Það enti samt með því að það var settur í mig gangráður, við hjón erum bæði með gangráða, svo það hallar ekki á.“

Þau hjón eignuðust fjögur börn sem öll eru á lífi, Baldur Arnar, Hallgerði Björk, Jóhann Guðna og Steinþór. „Strákrarnir búa allir hér á höfuðborgarsvæðinu en dóttirin í Noregi. Baldur er að verða sjötíu og tveggja,“ segir Hlöðver og bætir við hlæjandi. „Nú er maður að treina í sér líftöruna þar til maður er búinn að koma krökkunum á elliheimili!“ Hann segir afkomendurna nálgast fjórða tuginn. „Við eigum fjögur langalangafa- og ömmubörn. Krakkarnir eru finir, allir saman.“



**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**

**Opið til kl. 14:00**

í öllum verslunum Bónus í dag

**Gleðilega  
hátið**



**BÓNUS**



**OKKAR HJÓNABAND HEFUR  
ENST ÞETTA FYRIR ÞAÐ  
AÐ HANN HEFUR RÁÐIÐ  
OG ÉG HEF SAMÞYKKT. EN  
ÞAÐ HEFUR ALLTAF KOMIÐ  
GOTT ÚT ÚR ÞVÍ OG ÞETTA  
HEFUR BLESSAST HJÁ  
OKKUR.**

Ólöf

„Já, við erum lánsöm með hópinn okkar,“ tekur Ólöf undir. „Það er ekki til meira lán en barnalán.“

#### Urðu að taka til hendinni

Ólöf og Hlöðver eru Reyðfirðingar bæði, hann ólst upp í þorpinu, hún á bænum Svinaskála í Helgu- staðahreppi. Hann gekk í barna- og unglingaskóla Reyðarfjarðar en í sveitinni hjá henni var farskóli. „Ég fékk ekki mikla menntun, samantlagt var mín skólaganga eitt ár,“ lýsir hún. „Mig langaði afskaplega mikið að fara í skóla en mamma dó þegar ég var sextán ára eftir mikil veikindi og ég og eldri systir mín urðum að taka til hendinni heima. Við áttum þrjú yngri systkini og pabbi var með búskap en fljótlega skiptumst við á að fara í vinnu annars staðar.“

Hlöðver kveðst hafa farið á sildveidar að sumarlagi þegar hann var sextán ára og haldið því áfram næstu sumur en keypt sér vörubíl



Hlöðver og Ólöf eru bæði Reyðfirðingar. Þau byrjuðu búskapinn haustið 1948 í 50 fermetra íbúð á Reyðarfirði sem Hlöðver byggði við hús foreldra sinna.

## OPIÐ ALLA DAGA YFIR HÁTÍÐARNAR Í AUSTURVERI

Starfsfólk Apótekarans óskar viðskiptavinum sínum gleðilegrar hátíðar ♥

24. des

**OPIÐ**  
9–18

25. des

**OPIÐ**  
9–24

26. des

**OPIÐ**  
9–24

27. des

**OPIÐ**  
9–24

28. des

**OPIÐ**  
9–24

29. des

**OPIÐ**  
9–24

30. des

**OPIÐ**  
9–24

31. des

**OPIÐ**  
9–18

1. jan

**OPIÐ**  
9–24



Jóhann, Steinþór, Hlöðver, Ólöf, Baldur og Hallgerður saman á göðri stund.

tvítugur og tekið bílpróf. Í framhaldinu svo bætt við sig meiraprófi og réttindum til ökukenndu og alls útskrifað 64 bifreiðastjóra. „Aðalstarf mitt var hjá Vegagerðinni sem bifreiðastjóri og vélamaður, svo var ég umsjónarmaður áhaldahússins í allmörg ár, það voru góð ár.“ Fleiri störf bættust við, að hans sögn, svo sem löggæsla á dansleikjum og slökkvistörf, einnig bókhald í verkstjórn í söltunarstöðinni Öldunni sem hann átti helmingshlut í. „Það var ýmislegt sem ég tók mér fyrir hendur og vann oft langan vinnudag, var líka í félagsmálum, til dæmis í slysavarnarsveitinni. Fór meðal annars upp á hálendið að leita að flugvélinni Geysi sem brotlenti á Bärðarbungu í september 1950, við fengum skilaboð í talstöð um að hún væri fundin.“

Þau hjón byrjuðu búskapinn haustið 1948 í 50 fermetra íbúð á Reyðarfirði sem Hlöðver hafði byggt við hús foreldra sinna haustin áður, eftir sildveiðarnar. „Við fluttum inn með Baldur eins árs og tvö börn bættust við áður en við komumst í stærra hús sem við byggðum yfir okkur,“ rifjar Ólöf upp. Hún kveðst hafa hreinsað allt mótatimbríð, ásamt Baldri sem þá var fjórtán ára, og stallað því upp, yngri börnin tvö hafi verið að leika sér í kring um þau. Það fjórða hafi svo fæðst í nýja húsinu.

Mörgu þurfti að sinna. Ólöf fræðir mig um að ekki hafi verið hægt að kaupa mjólk á Reyðarfirði fyrstu búskaparár þeirra hjóna. Því hafi þau verið með kú í mörg ár. „Ég varð að fara í fjós og mjólka og vinna úr mjólkinni og líka heyja handa

kúnni, Hlöðver var alltaf í Vega- gerðinni.“

#### Leiðist aldrei

Það var svo árið 1972 sem þau Hlöðver og Ólöf fluttu austan af fjörðum í Kópavoginn. Hann hélt áfram að vinna hjá Vegagerðinni til 72 ára aldurs og Ólöf starfaði á ýmsum stöðum, svo sem í Brauði í Auðbrekkunni, á kaffistofu Myllunnar og í eldhúsinu í Sunnuhlíð. „Síðast vann ég í matreiðslu í Jöfri en hætti þegar ég varð 67 ára. Eftir það tók sumarbústaðurinn sem við byggðum í Miðfellslandi á Þingvöllum við kröftum mínum og löðin kringum hann. Ég hef óskaplega gaman af ræktun.“ Hún kveðst alltaf hafa haft yfirdrifið nóg að gera, þannig sé það enn og henni leiðist aldrei. „Nú fæ ég orðið stúlku hingað hálfsmánaðarlega til að þvo gólföld. Það hittist þannig á um daginn að ég var að baka smákökur þegar hún kom. Hún spurði mig hvað ég hefði gert um ævina. Ég sagði bara „spurðu mig hvað ég hafi ekki gert!““

Hlöðver fær hægar um en Ólöf, en heldur andlegum kröftum, skrifar niður fróðleik með sinni fallgu rithönd og iðkar grúsk í litilli bóka- stofu nærri útidryfum sem er jafn- framst sjónvarpsstofa heimilisins.

Að endingu forvitnast ég um hvernig þau hjón etli að halda upp á sjötíu ára brúðkaupsafmælið á annan í júlum. Ólöf svarar að bragði: „Við verðum hér heima og fjölskyldan er velkomin hingað ef hún vill. Það verður opið hús.“ „Þarna heyrir þú þver stjórnar,“ segir Hlöðver kíminn.

„Hún er drottning heimilisins.“

Opið fyrir þig

Háaleitisbraut 68  
Sími: 581 2101  
www.apotekarinn.is

**Apótekarinn<sup>+</sup>**  
Austurveit





## Merkisatburðir

- 502** Xiao Yan Kínakeisari útnefni Xiao Tong erfingja sinn.
- 640** Jóhannes fjórði er kjörinn páfi.
- 820** Leó fimmti Byzanskeisari er ráðinn af dögum í Ægissif í Konstantínópel.
- 1294** Bónifasius áttundi er kjörinn páfi.
- 1613** Sagnir herma að snjóflóð hafi fallið á fólk úr Siglufirði í Sigluneskriðum og að fimmtíu hafi farist en engar sam-tímaheimildir eru til um slýsið.
- 1624** Kristján fjórði stofnar póstþjónustu í Danmörku.
- 1777** James Cook uppgötvur Jólæyju.
- 1851** Bandaríska þingbókasafnið brennur.
- 1865** Jonathan Shank og Barry Ownby stofna **Ku Klux Klan**.
- 1871** Óperan Aída sýnd í fyrsta skipti í Egyptalandi.
- 1906** Fyrsta útvarpsútsendingin fer fram.
- 1924** Albanska lýðveldið er stofnað.
- 1934** Ríkisútvarpið les í fyrsta sinn jólakveðjur.
- 1951** Libya fær sjálfstæði frá Ítalíu.
- 1956** Ungverskir flóttamenn, 52 talsins, koma til Íslands.
- 1968** Áhöfn **Apollo 8** nær þeim áfanga að verða fyrsta fólkið á sporbaug um tunglið.
- 1980** Fjöldi sjónarvotta segist hafa séð fljúgandi furðuhlut í Bretlandi.
- 2003** Spænska lögreglan kemur í veg fyrir að ETA sprengi fimmtíu kíló af sprengiefni á lestarstöð í Madrid.



Söngsveitin Fílharmónía fór til Flórens í sumar. Hún heldur jólatónleika sína í Langholtskirkju þann 27. desember.

# Söngsveitin Fílharmónía frumflytur nýjan jólasálm

Lagið við sálminn kom til skáldsins um leið og það heyrði textann. Útsetningin er hluti af kúrs í Listaháskólanum. Einnig verður fluttur jólaköttur Jóhannesar úr Kötlum og Ingibjargar Þorbergs. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og nýbakaðar smákökur.

Árlegum jólatónleikum Söngsveitarinnar Fílharmóníu í Langholtskirkju 27. desember klukkan 20 verður frumfluttur jólasálmur eftir Arngerði Mariu Árnadóttur, organista í Laugarneskirkju, og séra Davíð Þór Jónsson sóknarprest þar.

Hún rífar upp að rétt fyrir jólin í fyrra hafi hann sent henni skreyti á Facebook með nýortum sálm. „Þegar ég las sálminn kom lagið eiginlega til mín um leið. Í kúrs í Listaháskólanum ákvað ég að útsetja sálminn fyrir kór og Fílharmóníu leist vel á hann.“

Þóra Einaradóttir verður einsöngvari

með sveitinni og einnig kemur fram tríó skipað Snorra Sigurðarsyni trompetleikara, Þórði Sigurðarsyni pianista, og Gunnari Hrafnssyni kontrabassaleikara. Efnisskráin verður í senn hátíðleg og með djassyrbrigði.

Sungin verða meðal annars lög eftir Jórundi Viðar, Sigvalda Kaldalóns og Jón Sigurðsson, ýmist í nýjum eða alþekktum útsetningum, auk sigildra jólalaga frá ýmsum löndum. Stjórnandi sveitarinnar er Magnús Ragnarsson.

Þá verður einnig fluttur jólakötturinn úr kverinu Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum. Lagið samdi Ingibjörg Þorbergs en það kom fyrst út á plötunni Hvít er borg og bær fyrir jólin 1987. Sveitin

flytur lagið í útsetningu Skarphéðins Þórs Hjartarsonar sem var fyrst gerð fyrir Söngkvartettinn Rúdolf er hann var sjálfur meðlimur í. Þá segir á Facebook-síðu söngsveitarinnar að það sé ágætis lösstyrkur að langafabarn Jóhannesar úr Kötlum sé einn hópmeðlima.

Í hléi verður boðið upp á heitt súkkulaði og nýbakaðar smákökur.

Þessi tæplega sextugi kór skellti sér í kórakeppni í Flórens á Ítalíu í sumar og margt spennandi er á döfinni hjá honum, næst er það flutningur Salu-messu Mozarts með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

gunnthora@frettabladid.is  
thorgnyr@frettabladid.is



Elsku maðurinn minn,  
**Dr. Valgarður Egilsson**  
læknir og rithöfundur,  
Hólatorgi 4, 101 Reykjavík,

sem lést á heimili okkar 17. desember, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni föstudaginn 28. desember kl. 15.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,  
**Katrín Fjeldsted**

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



ÞETTA GERDIST: 24. DESEMBER 1974

## Fellibylur leggur áströlsku borgina Darwin í rúst

Fellibylurinn Tracy gekk yfir áströlsku borgina Darwin á aðfangadag fyrir 44 árum og var þá á þriðja stigi. Bylurinn var sá öflugasti miðað við stærð í sögu Ástralíu. Vindhviður fóru upp í 67 metra á sekúndu og olli stormurinn gríðarlegu tjóni.

Alls fórst 71 vegna stormsins. Þá olli Tracy tjóni sem metið var á um 645 milljónir Bandaríkjadalara á þeim tíma. Sé miðað við verðbólgu má gera ráð fyrir því að tjónið samsvaraði rúmum þremur milljörðum dala í dag.

Íslenskir miðlar fjölluðu um hamfarirnar eftir stutt jólafrí. Þann 28. mátti lesa um harmleikinn á forsiðu Morgunblaðsins. „Fjórðungur íbúa Darwin hafði verið fluttur á brott í dag til allra annarra fylkishöfuðborga Ástralíu, tveimur dögum eftir að fellibylurinn gekk yfir borgina. Stefnt er að því að flytja burt helming borgarúa fyrir sunnudagskvöld. Jafnframt lýstu ráðherrar stjórnarinnar því yfir að borgin yrði endurreist, en á nýjum stað.“

Sams konar umfjöllun birtist svo í Tímanum. Fyrirsögnin var: „Þök vantar á flest hús og skortur er á vatni.“



Endurbýggingarnefnd var stofnuð í febrúar 1975 og henni gefið það hlutverk að reisa borgina á ný innan fimm ára. Ríkisstjórnin var komin á þá skoðun að borgin skyldi byggð á sama stað og hún var. Árið 1978 var svo kominn nógu mikill húsakostur til að hýsa fyrri íbúafjölda. Hins vegar var ljóst nokkrum

árum síðar að allt að sextíu prósent fyrrverandi íbúa sneru aldrei aftur. Darwin var hins vegar endurbýggð að fullu þótt borgin sé sögð afar ólík þeirri sem þar stóð fyrir hamfarirnar.

Tæplega 150.000 búa í Darwin í dag. Það er öllu meira en var fyrir bylinn. Þá bjuggu tæp 40.000 í borginni. – þea

TORG



*Torg óskar  
landsmönnum öllum  
gleðilegrar hátíðar*



GÆÐAVOTTUN Á  
GRUNDEVELLI ALPJÓÐLEGA  
GÆÐASTAÐALSINS ISO 9001



VIÐ ERUM STOLT AF  
GULLMERKI PWC VEGNA  
JAFNLAUNAÚTTEKTAR



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG  
VIÐ ERUM AÐAL-  
STYRKARAÐILI SLYSAVARNA-  
FÉLAGSINS LANDSBJARGAR



VIÐ ERUM FRAMÚR-  
SKARANDI FYRIRTÆKI 2018  
SAMKVÆMT CREDITINFO



GRÆN SKREF OG ÁBYRG  
UMHVERFIS- OG ENDUR-  
NÝTINGARSTEFNA

MYND  
INGUR  
GÓÐ

# Jólakefja

Starfsfólk Olís óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum friðar, gleði og fararheilla um hátíðirnar.

Við þökkum dýrmæta samfylgd á árinu og hlökkum til að þjónusta vini okkar við veginn á því næsta.



VARLEGUR STUÐN-  
VIÐ MARGVÍSLEG  
GERÐARSAMTÖK



ADALSTYRKARADILI  
ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA  
UNDANFARIN FIMM ÁR


Vinur við veginn



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðvestan 13-23 m/s, hvassast N-til og suðaustan Vatnajökuls, en talsvert hægarí á S- og SV-landi. Skýjað á landinu og úrkomulltið. Híti 3 til 10 stig, hlýjast á Austfjörðum. Dregur úr vindi undir kvöld.



## Þriðjudagur



### LÉTT

	1	3	9			6		
2			7	4	8	9	1	
8		4					2	
		6		7			8	
5					4			
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

### MIDLUNGS

	2			8			9	5
5			3	9		1		
						7	2	
			4	9		8		
	1		2	5		6		
	4			7	8			1
4	7						1	
	6	3		2	7			
1	8					6		

### ÞUNG

				7	4			
8				9			2	
		4				3		9
				7		9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7	9	4		2				8
		5		8		4		
4			9		6		3	

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- sella
- lélegur
- tveir eins
- riki í friku
- átt
- eldur
- snap
- ókyrrð
- tínsla
- skráning

### LÓDRÉTT

- sárasótt
